

Fundargerð

14. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 24. apríl 2007, kl. 18:30.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Hörður Sverrisson, Gestur Guðjónsson, Áslaug Ívarsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Stefán Jónasson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson. framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 13. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Rekstraráætlun 2007. Frestað.
- b) Styrktarsamningar vegna 2007.
Vinna þarf að öflun styrkaraðila fyrir Gullmótin og mót innalands á næstu vikum.
- c) Staða fjármála. Framkvæmdastjóri sagði stöðu fjármála í jafnvægi, en mikilvægt væri að fá aðalstyrktaraðila fyrir útsendingar Gullmóta og móta innanlands í sumar.

3. Mótamál.

- a) Skólaþríþraut 2007, staða. Formaður fór yfir framkvæmd og þátttöku í Skólaþríþraut FRÍ og Iceland Express. Ágæt þátttaka, mikið að koma inn af skráningum síðustu daga, en ennþá er vika eftir af keppninni. Úrslitamótið fer svo fram sunnudaginn 20. maí í Laugardalshöllinni.
- b) Landsbankahlaup FRÍ 2007. Framkvæmdastjóri greindi frá gangi mál í undirbúningi fyrir Landsbankahlaupi 5. maí nk., en Ágúst Þorsteinsson hefur séð um undirbúning hlaupsins af hálfu FRÍ undanfarnar vikur.
- c) NM öldunga 29.feb. til 2. mars 2008. Lagt fram boðsbréf frá FRÍ til hinna Norðurlandanna vega NM öldunga á Íslandi á næsta ári.
- d) NM U20 16.-17. ágúst 2008. Rætt um að hefja þurfi fljótlega undirbúning vegna NM U20, sem fram á að fara hér á landi 16.-17. ágúst á næsta ári. Taka þarf ákvörðun um staðsetningu og skipa framkvæmdanefnd fyrir mótið, en búast má við um 300 keppendum á mótið á næsta ári. Rætt.
- e) Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri. Mótshaldari, Ármann hefur sótt um að halda mótið 8. September á Kópavogsvelli, þar sem Laugarsdalsvöllurinn er upptekin vegna landsleiks þessa helgi. Ekkert því til fyrirstöðu af hálfu FRÍ, ef mótshaldari getur haldið mótið á þessum tíma í Kópavogi.

4. Landsliðs- og afreksmál.

- a) Fararstjórar og þjálfarar á mótum erlendis 2007.
Eftirfarandi tillaga vegna Smáþjóðaleikar samþykkt:
Hörður Sverrisson, flokkstjóri
Unnur Sigurðardóttir, liðsstjóri
Jón Sævar Þórðarson, yfirþjálfari
Eggert Bogason, þjálfari

Tillögur vegna fararstjórar / þjálfara í ferðum á vegum FRÍ í önnur verkefni í sumar verða afgreiddar á næsta fundi stjórnar.

- b) Afrekssjóður ÍSÍ. Samþykkt tillaga ÍÞA um að senda inn umsókn fyrir Björn Margeirsson í Afrekssjóð ÍSÍ vegna góðs árangurs hans á EM innanhúss í vetur.
Einnig samþykkt tillaga ÍÞA um að óska eftir hækkun á styrk Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur úr sjóði framúrskarandi ungra og efnilegra íþróttamanna, vegna árangurs hennar á innanhússtímabilinu í vetur.
- c) Smáþjóðaleikar. Lagðar fram upplýsingar um Smáþjóðaleika frá fundi hjá ÍSÍ, 17. apríl sl., sem framkvæmdastjóri og Hörður Sverrisson sóttu.
- d) Verkefnisstjóri landsliðsmála. Lögð fram drög að samkomulagi við Jón Sævar Þórðarson um að taka að sér stöðu verkefnisstjóra vegna Smáþjóðaleikanna og Evrópubíkarkeppni landsliða.
Samþykkt að ganga frá samkomulagi við Jón Sævar um verkefnið.

5. Lagt fram.

- a) Þing EAA í Cannes. Formaður greindi frá þingi EAA, sem hann sótti 13.-14. apríl sl. Jónas Egilsson f.v. formaður FRÍ náði ekki endurkjöri til stjórnar EAA eftir 4 ára setu í stjórn. Þrír Norðurlandabúar komu nýjir inn í stjórn EAA, þ.a.m. var Svein Arne Hansen formaður Norska sambandsins kosinn varaformaður EAA og Svíar og Finnar eru komnir með menn í stjórnina, en Jónas var eini Norðurlandabúinn í fráfarandi stjórn EAA.
- b) ÍSÍ og Netbókhalld. Lagt fram kynningarbréf frá ÍSÍ um netbókhalld.is
- c) Niðurstöður úr lyfjæftirliti.
Eftirfarandi frjálsíþróttamenn gegnust undir lyfjæftirlit í kjölfar Íslandsmeta:
 - Olgeir Óskarsson, Fjölni, kt. 280189-2789, vegna Íslandsmets sveitar Fjölnis í 4x400m boðhlaupi í Bikarkeppni FRÍ innanhúss.
 - Bergur Ingi Pétursson, FH, kt. 051085-2569, vegna Íslandsmets í sleggjukasti 12. mars sl.
 Engin lyf af bannlista fundust í sýnunum.
- d) Ólympíulágmörk – Peking 2008. Lagt fram bréf frá ÍSÍ um að framkvæmdastjóri ÍSÍ hafi samþykkt það á fundi sínum 17. apríl sl. að lágmörk vegna Ólympíuleikanna í Peking skuli miðast við lágmörk sem IOC setur vegna leikanna.
- e) Tilboð á bókinni “Vormenn Íslands”, afmælisriti UMFÍ. Samþykkt að FRÍ verði heiðursáskrifandi af bókinni, sem kemur út í haust í tilefni af 100 ára afmæli UMFÍ.

6. Önnur mál.

- a) Þjálfaranámskeið á Akureyri og í Reykjavík 27.-28. apríl.
Framkvæmdastjóri greindi frá fyrirhuguðum námskeiðum á Akureyri og í Reykjavík, ef næg þátttaka verður (10 manns á hvert námskeið).
- b) Gjaldkeri greini frá fundi í Umhverfissráði Reykjavíkur, þar sem rætt var skipulag á göngu- og hlaupaleiðum í borginni. Ábendingar vel þegnar.
- c) Þá greindi gjaldkeri einnig frá hugmyndum nefndarinnar að skipulagningu leiksvæða í kringum grunnskóla í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson